



VERKALÝÐSFÉLAG AKRANESS

SUNNUBRAUT 13 – 300 AKRANES
SÍMI 430 9900 – FAX 430 9901
KENNITALA 680269-6889 – www.vlfa.is

Miðstjórn ASÍ
Guðrúnartúni 1
105 Reykjavík

Tillaga stjórnar og trúnaðarráðs Verkalýðsfélags Akraness að ályktun er lýtur að nýju vinnumarkaðsmódeli.


42. þing Alþýðusambands Íslands haldið 26.-28. október 2016 hafnar því alfarið að vera aðili að nýju vinnumarkaðsmódeli sem nú er unnið að, ef það leiðir til þess að frjáls samningsréttur stéttarfélaganna verður skertur eða takmarkaður á nokkurn hátt.

Í ljósi þeirrar umræðu að til standi að breyta lögum um stéttarfélög og vinnudeilur vegna nýs vinnumarkaðsmódelis vill 42. þing ASÍ vill taka það sérstaklega fram að allar slíkar breytingar verði að liggja fyrir áður en kosið verði um nýtt vinnumarkaðsmódel.

42. þing ASÍ vill líka að það komi skýrt fram að þingið hafnar öllum hugmyndum um breytingar á lögum um stéttarfélag og vinnudeilur sem geta leitt til skerðingar eða takmörkunar á frjálsum samningsrétti stéttarfélaganna.

42. þing ASÍ er sannfært um að forræði hvers stéttarfélags til kjarasamningsgerðar og frjáls samningsréttur sé hornsteinn stéttarfélagsbaráttu á Íslandi og það frjálsræði og þann samningsrétt megi ekki skerða eða takmarka á nokkurn hátt.

F.h Stjórnar- og trúnaðarráðs Verkalýðsfélags Akraness


Vilhjálmur Birgisson

Greinargerð:

Það er engum vafa undirorpið að stjórn og trúnaðarráð Verkalýðsfélags Akraness telur að þær hugmyndir sem hafa verið í opinberri umræðu um nýtt vinnumarkaðsmódel séu ein mesta vátta sem félagsmenn innan ASÍ hafa staðið frammi fyrir frá stofnun verkalýðshreyfingarinnar. Það kemur berlega í ljós í skýrslu sem Steinar Holden frá Hagfræðideild Oslóarháskóla gerði fyrir aðila Salek samkomulagsins og ber heitið „Nýtt samningalíkan fyrir Ísland“.

Þegar skýrsla Steinars Holden er lesin þá kemur skýrt fram að tilvist samningsfrelsis yrði gróflega ógnað ef þær hugmyndir næðu fram að ganga enda gengur norræna vinnumarkaðsmódelið út á hóflegar launahækkanir sem öllum er skylt að fara eftir. Ákvarðanatöku um hámarkslaunabreytingar yrði tekin frá stéttarfélagunum og færð yfir á

miðstýrt apparat eins og fram kemur í skýrslunni. Einnig er ljóst að hugmyndir eru klárlega uppi um að breyta vinnulöggjöfinni með þeim hætti að núverandi leiðir til kjarasamningsgerðar myndu heyra sögunni til og völd ríkissáttasemjara yrðu aukin stórlega og þar með myndi draga úr vægi stéttarfélaganna til að ná fram sínum kröfum.

Það er hins vegar rétt að geta þess að mikil leynd hefur ríkt um þær hugmyndir sem uppi eru um nýtt vinnumarkaðsmódel enda hefur aðkoma flestra aðildarfélaganna ASÍ og hins almenna félagsmanns að módelinu nánast ekki verið nein til þessa.

Já, leyndin í kringum þessa vinnu hefur verið allsráðandi og nægir að nefna í því samhengi að grunnurinn að nýju vinnumarkaðsmódeli liggur í rammasamkomulagi sem aðilar vinnumarkaðarins undirrituðu 27. október 2015. Aðkoma flestra aðildarfélaganna ASÍ að þeirri vinnu var engin og sem dæmi þá fengu formenn SGS sem er stærsta landssambandið innan ASÍ lauslega kynningu á rammasamkomulaginu nokkrum klukkustundum áður en það var undirritað í Þjóðmenningarhúsinu 27. október.

Í þessu rammasamkomulagi, sem flest aðildarfélög innan ASÍ komu hvergi nærri, var lagður grunnur að nýju vinnumarkaðsmódeli í 3. grein rammasamkomulagsins sem ber heitið „Meginstoðir nýs íslensks samningalíkans til framtíðar“. En í þessum kafla rammasamkomulagsins er samkomulag milli aðila vinnumarkaðarins um að þróa nýtt samningalíkan sem gilda muni við gerð kjarasamninga á Íslandi. Þar eru líka hugmyndir um hvernig nýja samningalíkanið eigi að vera og gengið út frá því að samkeppnis- og útflutningsgreinar semji fyrst og móti það svigrúm sem til launabreytinga kann að verða og það svigrúm á síðan að gilda einnig fyrir aðrar starfsgreinar og öllum verður skylt að halda sig innan þess svigrúms.

Í þessu rammasamkomulagi er einnig kveðið á um að þegar aðilar hafi sammælt um nýtt samningalíkan verði skoðað hvaða breytingar þurfi að gera á vinnulöggjöfinni til að treysta nýtt samningalíkan í sessi!

Það er með ólíkindum að verkalýðshreyfingin sé að opna á möguleika á því að breyta lögum um stéttarfélög og vinnudeilur eins og kveðið er á um í rammasamkomulaginu. Ekki bara að á það sé opnað heldur á launafólk að samþykkja nýtt vinnumarkaðslíkan fyrst og síðan á að breyta lögum um stéttarfélög og vinnudeilur til að festa nýtt samningalíkan í sessi. Slíkt inngríp í vinnulöggjöfina er stórhættulegt fyrir sjálfstæði stéttarfélaganna og sætir furðu að aðilar innan verkalýðshreyfingarinnar ætlist til þess að launafólk samþykki fyrst nýtt samningalíkan og síðan eigi að breyta vinnulöggjöfinni!

Það er morgunljóst að nái þær hugmyndir sem koma fram í rammasamkomulagi aðila vinnumarkaðarins og undirritað var 27. október 2015 fram að ganga, muni þær klárlega leiða til þess að samningsréttur stéttarfélaganna verður skertur gróflega. En rétt er að geta þess að margir formenn stéttarfélaganna innan ASÍ eru á því að þetta muni leiða til skerðingar á samningsfrelsi stéttarfélaganna eins og kom til dæmis fram á formannafundi ASÍ þar sem rammasamkomulagið var meðal annars til umfjöllunar.



VERKALÝÐSFÉLAG AKRANESS

SUNNUBRAUT 13 – 300 AKRANES
SÍMI 430 9900 – FAX 430 9901
KENNITALA 680269-6889 – www.vlfa.is

En hví í ósköpunum er verið að fara í þessa vegferð og smíða nýtt vinnumarkaðsmódel að norræni fyrirmynd? Þeir aðilar sem standa að rammasamkomulaginu frá 27. október 2015 hafa komið fram með staðhæfingar sem standast ekki nokkra skoðun. Skoðum hvers vegna þeir sem standa að rammasamkomulaginu telja að koma þurfi á nýju vinnumarkaðslíkani sem gengur útá að skerða samningsrétt launafólks með því að samið verði með miðstýrðum hætti um afar hófstílltrar launahækkningar sem verða á bilinu 2,5% til 3,5% á ári og allir verði að vera innan þess svigrúms, eins og kveðið er á um í rammasamkomulaginu:

- **Í fyrsta lagi - Aukið samstarf-minni átök**

Minni átök? Hvaða verkfallsátök hafa átt sér stað innan aðildarféлага ASÍ að undanskildum þessum tveimur dögum sem verkafólk á landsbyggðinni fór í verkfall í síðustu kjarasamningum? Langstærstur hluti verkafólks og iðnaðarmanna á höfuðborgarsvæðinu hefur ekki farið í verkfallsátök í marga áratugi og þekkir ekki verkföll! Hins vegar vitum við að opinberir starfsmenn eru oft og títt í verkfallsátökum en slíku er ekki til að dreifa hvað félagsmenn innan ASÍ áhrærir. Sem dæmi þá hafa sjómenn verið án kjarasamnings í tæp 6 ár og núna fyrst eru þeir að grípa til aðgerða. Þessi staðhæfing um minni átök á svo sannarlega ekki við félagsmenn innan ASÍ.

- **Í öðru lagi - Aukin efnahagslegur og félagslegur stöðugleiki**

Hvað eru þeir aðilar innan verkalýðshreyfingarinnar sem komu að rammasamkomulaginu að meina með þessu? Eru þessir aðilar að kenna launahækkunum launafólks um efnahags- og félagslegan óstöðugleika á Íslandi? Var það t.d. félagsmönnum innan ASÍ um að kenna að hér varð efnahagshrun í október 2008 þar sem verðbólgan fór í tæp 20%, gengi krónunnar hríféll og skuldir heimilanna stökkbreyttust? Nei, það er til skýrsla sem heitir Rannsóknarskýrsla Alþings í 9 bindum sem staðfestir að það var ekki íslensku launafólki um að kenna að hér varð efnahagslegt hrun, eða launahækkunum til handa þeim. Nei, það var græðgi bankakerfisins og atvinnulífsins sem olli því hruni og hafði ekkert með launahækkningar launafólks að gera.

- **Í þriðja lagi - Varanleg aukning kaupmáttar launa byggð m.a. á hófstílltum launahækkunum**

Undir þessum lið felst stærsta blekkingin sem aðilar rammasamkomulagsins frá 27. október 2015 ástunda. Þessir aðilar hafa sýnt í kynningu að með því að semja um hófstílltar launahækkningar í kringum 3,5% eins og gert er á hinum Norðurlöndunum, þá muni kaupmáttur vaxa hér á landi. Í umræddri kynningu eru launahækkningar og kaupmáttur á Íslandi frá árinu 2000 til 2014 borinn saman við hin Norðurlöndin. Í þessari kynningu kemur fram að meðaltals launahækkningar hér á landi séu 6,2% en á Norðurlöndunum hafi meðaltalið verið 3,5%. Það kemur líka fram í þessari kynningu að kaupmáttaraukning á Íslandi fyrir sama tímabil hafi verið 0,8% að meðaltali á ári en 1,7% á Norðurlöndunum og uppsafnaður kaupmáttur sé 14% Norðurlöndunum í hag.

Það magnaða í þessu er að þrátt fyrir þennan litla mun á kaupmætti á milli Íslands og Norðurlandanna á umræddu tímabili þá geta aðilar

rammasamkomulagsins þess ekki að hér varð algert efnahagslegt hrun árið 2008 þar sem verðbólgan fór uppí tæp 20% á einu ári en slíkt verðbóluskot fengu hin Norðurlöndin ekki. Það er rétt að ítreka það enn og aftur að efnahagshrunið mikla árið 2008 var ekki af völdum launafólks og hafði ekkert með kjarasamninga eða vinnumarkaðsmódel okkar að gera.


Takið eftir því að þessi samanburður nær einungis til 2014 og frá 2014 til dagsins í dag er kaupmáttur hér á landi búinn að vera miklu, miklu meiri en á hinum Norðurlöndunum. Reyndar hefur nánast verið kaupmáttarskerðing í Noregi frá 2014 sökum veikingar á norsku krónunni í kjölfar lækkunar á olíuverði. Það hefur líka komið fram hjá ráðamönnum að kaupmáttur hér á landi hefur á síðustu árum verið sá langmesti frá því að mælingar á kaupmætti hófust. Með öðrum orðum þá er kaupmátturinn hér á landi meiri en á hinum Norðurlöndunum ef mælt yrði til dagsins í dag.

En hvernig skyldi kaupmáttur launataxta verkafólks og iðnaðarmanna standa til samanburðar við kaupmátt á hinum Norðurlöndunum? Jú, það er skemmst frá því að segja að kaupmáttur taxtalauna verkafólks og iðnaðarmanna frá árinu 2000 til 2014 eða á viðmiðunartímabilinu er helmingi hærri hér á landi en á hinum Norðurlöndunum. Verkalýðsfélag Akraness hefur reyndar sagt að prósentur blekkja og það gera þær svo sannarlega þegar aðilar rammasamkomulagsins benda á að meginástæðan fyrir því að taka þurfi upp nýtt vinnumarkaðsmódel sé að ná fram jöfnum kaupmætti í gegnum hófstiltar launahækkningar í anda þess sem gerist á hinum Norðurlöndunum!

Á hvaða vegferð er verkalýðshreyfingin í ljósi þess að kaupmáttur lægstu launa hér á landi er helmingi hærri en á hinum Norðurlöndunum og líka í ljósi þess að lægstu laun iðnaðarmanna og verkamanna eru allof lág. Það er ekkert verið að tala um í þessu nýja vinnumarkaðsmódeli að jafna laun verkafólks og iðnaðarmanna á við laun á Norðurlöndunum með því að hækka þau á einu bretti um 40 til 60%. Nei, það er einungis verið að tala um að taka upp sama miðstýrða launakerfið þar sem stéttarfélögin hafa litla sem enga aðkomu að kjarasamningsgerð og samið er um hófstiltar launahækkningar sem eru að meðaltali um 3,5%.

Er það virkilega þannig að til séu aðilar innan verkalýðshreyfingarinnar sem vilja hverfa frá því að kaupmáttur lægstu launa verkafólks og iðnaðarmanna sé helmingi hærri en á hinum Norðurlöndunum og samið verði einungis 3,5% launahækkun að meðtali til framtíðar? Það er rétt að vekja sérstaklega athygli á að lægstu taxtar iðnaðarmanna og verkafólks hafa hækkað um tæp 300% frá árinu 2000 sem hefur eins og áður sagði skilað helmingi meiri kaupmætti en gerist á hinum Norðurlöndunum! Það liggur líka fyrir að verkalýðshreyfingin á langt í land með að koma lágmarkslaunum og töxtum verkafólks og iðnaðarmanna á þann stað að þau dugi fyrir þeim lágmarksframfærsluviðmiðum sem hið opinbera hefur gefið út. Er sérstök hækkun lægstu launa virkilega það höfrungahlaup sem aðilar vinnumarkaðarins vilja stoppa?

Það er líka mjög mikilvægt að vekja sérstaka athygli á því að frá 1. janúar 2014 hafa launataxtar iðnaðarmanna og verkafólks hækkað um tæp 30% og kaupmáttaraukningin er um 25%. Það er líka rétt að geta þess að kaupmáttur launavísitölunnar hefur aukist um tæp 20% á sama tíma.



VERKALÝÐSFÉLAG AKRANESS

SUNNUBRAUT 13 – 300 AKRANES
SÍMI 430 9900 – FAX 430 9901
KENNITALA 680269-6889 – www.vlfa.is

Svo koma þeir sem standa að rammisamkomulaginu og reyna að telja launafólki trú um að mikilvægt sé að taka upp nýtt samningalíkan að norrænni fyrirmynd til að auka kaupmátt launafólks hér á landi og það á sama tíma og allar tölur sýna að kaupmáttur hér á landi er mun meiri en á hinum Norðurlöndunum!

Stjórn og trúnaðarráð Verkalýðsfélags Akraness vill samt sem áður ítreka það að kaupmáttur sem byggist á prósentuútreikningum blekkir og það illilega. Það eru til aðilar innan verkalýðshreyfingarinnar og áhrifamanna í íslensku samfélagi sem halda því fram að engu máli skipti hversu margar krónur launafólk fái í launaumslagið, heldur sé það kaupmátturinn sem skipti öllu máli! Þetta er að mati okkar í Verkalýðsfélags Akraness algert bull enda skiptir kaupmáttaraukning litlu máli ef krónurnar sem launafólk hefur í laun duga ekki fyrir þeim lágmarksframfærsluviðmiðum sem hið opinbera hefur gefið út.

En í ljósi þess að hluti af verkalýðshreyfingunni segir kaupmáttinn skipta öllu máli þá verða þessir sömu aðilar að átta sig á því að það samningalíkan sem við búum nú við hefur skilað okkur mun meiri kaupmáttaraukningu en á hinum Norðurlöndunum. Um það geta menn ekki deilt!

Á þeirri forsendu er engin ástæða til að taka upp nýtt samningalíkan að norrænni fyrirmynd og meitla í stein til frambúðar samræmda láglaunastefnu, enda sýnir sagan að okkar fólk hefði fengið minni kaupmátt miðað við hin Norðurlöndin ef við hefðum tekið upp nýtt samningalíkan árið 2000 og samið að jafnaði um 3,5% eins og gert var á hinum Norðurlöndunum. Jú, þá væri lægsti launataxti verkafólks á Íslandi ekki 244.517 á mánuði eins og hann er í dag, heldur rétt rúmar 124.000 krónur.

Það er ekki bara að nýtt samningalíkan að norrænni fyrirmynd hefði haft þær afleiðingar að lægsti launataxti verkafólks væri 97% lægri en hann er í dag heldur er það líka magnað að aðilar rammisamkomulagsins skuli nánast gefa sér það að launahækkanir launafólks séu aðal orsök þess að verðbólgan fer á flug og ekki bara það heldur eru þessir aðilar núna farnir að ýja að því að launahækkanir launafólks séu líka orsakavaldur okurvaxta fjármálakerfisins.

Það kemur svo sem ekkert á óvart að fulltrúar atvinnurekanda við gerð rammisamkomulagsins skuli halda slíkum hræðsluóróðri uppi enda vanir því og nægir að nefna að Samtök atvinnulífsins spáðu allt að 27% verðbólgu ef gengið yrði að kröfum Starfsgreinasambands Íslands í síðustu kjarasamningum. Sagan hefur sýnt okkur að þessi skefjalausi hræðsluáróður Samtaka atvinnulífsins var gersamlega innistæðulaus og stóðst ekki nokkra skoðun, enda hefur verðbólgan verið undir neðri vikmörkum Seðlabankans í hátt í 4 ár og núna er 12 mánaða verðbólgan einungis 0,9%. Ef húsnæðisliður vísitölunnar er tekinn út á síðustu 12 mánuðum er meira að segja verðhjöðnun.

Á sama tíma og hér hefur ríkt mjög góður verðlagsstöðugleiki í mörg ár hækkuðu lægstu launataxtar frá 1. janúar 2014 til dagsins í dag um tæp 30% án þess að það leiddi til aukinnar verðbólgu. Á sama tíma hækkaði launavísitalan um rúm 27% en þessar miklu launabreytingar höfðu engin áhrif á verðbólguna.

Að sjálfsögðu eru það miklu fleiri þættir sem hafa áhrif á verðbólgu en launahækkanir eins og saga síðustu ára hefur sannað fyrir okkur, til dæmis hefur gengi krónunnar, heimsmarkaðsverð á olfu og þróun húsnæðisverðs mun meiri áhrif á þróun verðbólgu en launahækkanir launafólks.

Það er nóturlegt að sumir aðilar innan verkalýðshreyfingarinnar skuli taka undir þennan hræðsluáróður atvinnurekenda að launabreytingar launafólks sé aðalfóðrið sem kyndi verðbólguna áfram. Hvað með arðgreiðslur til eigenda fyrirtækja sem námu á árinu 2014 heilum 215 milljörðum á meðan launahækkanir kostuðu 35 milljarða, samkvæmt ríkisskattstjóra? Að sumir í verkalýðshreyfingunni skuli taka þátt í því að vilja koma hér á nýju vinnumarkaðsmódeli sem gengur út á að gera hófstilla launahækkanir að norrænni fyrirmynd þar sem ákvörðunartaka stéttarfélaganna til kjarasamningsgerðar verður skert gróflega er óskiljanlegt með öllu. Vilja menn auka arðgreiðslur til fyrirtækja sem námu eins og áður sagði 215 milljörðum árið 2014 með því að ganga frá hófstiltum launahækkunum til framtíðar. Hafa 215 milljarða arðgreiðslur engin áhrif á verðbólgu bara 35 milljarðar launahækkanir til launafólks?

Það er mat stjórnar og trúnaðarráðs Verkalýðsfélags Akraness að hugmyndir um nýtt vinnumarkaðsmódel sem byggt yrði á hugmyndum sem fram koma í rammisamkomulagi aðila vinnumarkaðarins sé mesta vátta sem launafólk hefur staðið frammi fyrir frá stofnun verkalýðshreyfingarinnar.

Enda liggur fyrir að með nýju samningalíkani sé verið að takmarka fjálsan samningsrétt stéttarfélaganna stórlega og það þýðir ekkert fyrir menn að berja hausnum við stein og reyna að halda því fram að ekki sé verið að skerða samningsfrelsi stéttarfélaganna. Enda skýrt kveðið á um að stéttarfélögin verði að semja innan þess svigrúms sem ákveðið verður!

Það er líka ljóst að framtíð stéttarfélaganna er í húfi en eins og allir vita þá hefur samningsfrelsi stéttarfélaganna verið hornsteinn stéttarfélagssbaráttunnar á Íslandi allt frá stofnun stéttarfélaganna. Þetta frelsi hefur leitt til þess að á Norðurlöndunum er stéttarfélagssaðild hvergi meiri en á Íslandi. Annars staðar hefur stéttarfélagssaðild minnkað jafnt og þétt og í Noregi er hún komin niður í 55%. Enda sjá margir í Noregi engan tilgang með því að tilheyra stéttarfélagi lengur, í ljósi þess að stéttarfélögin sjá ekkert um kjarasamningsgerð heldur er þeir gerðir með miðstýrðum hætti.

Þessu öllu til viðbótar halda ekki þau rök aðila rammisamkomulagsins að hófstiltar launabreytingar að norrænni fyrirmynd muni skila auknum kaupmætti, lægri verðbólgu og lægri vöxtum enda er búið að hrekja þá staðreynd ítarlega í þessari greinargerð.

Stjórn og trúnaðarráð Verkalýðsfélags Akraness skorar á þingfulltrúa að samþykkja þessa ályktun því hún gengur út á að tryggja að samningsréttur launafólks verði alls ekki skertur eða takmarkaður á nokkurn hátt með nýju vinnumarkaðsmódeli og að þingið hafni öllu er lýtur að breytingu á vinnulöggjöfnni sem getur skert eða takmarkað fjálsan samningsrétt launafólks.

Það er líka mat Stjórnar-og trúnaðarráðs Verkalýðsfélags Akraness að stéttarfélögin haldi áfram af fullum þunga við að lagfæra lágmarkslaun og taxta verkafólks og iðnaðarmanna kjarasamningum framtíðarinnar, enda er þeirri vinnu svo sannarlega hvergi nærri lokið og því fráleitt að taka upp nýtt samningalíkan sem gengur út á hófstiltar launahækkanir.